

Miðvikudaginn 31. maí 2017 kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar.

Var fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundurinn hófst klukkan 16:15

Mætt voru: Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Kristín Rós Sigurðardóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, Þórunn Ragnardóttir, fulltrúi starfsmanna, Ingvar Björnsson fulltrúi foreldra og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Þorsteinn Jóhannsson og Kristín Jóna Sigurðardóttir, fulltrúi kennara, boðuðu forföll.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

- a. Brynjólfur Friðriksson, formaður setti fundinn.


2. Tómsundastarf nemenda:

- a. *Brynjólfur Friðriksson, greindi frá því að skoðunarkönnun hefur verið send út á foreldra Húnavallaskóla um tómsundastarf fyrir 1.-4. bekk og íþrótt- og tómsundastarf fyrir 5.-10. bekk.*

3. Starfsmannamál:

- a. *Sveitarstjóri greindi frá því að eftir samskipti við Samband íslenskra sveitarfélaga vegna stöðu Steinunnar Huldu Magnúsdóttur. Var það ákveðið eftir niðurstöðu þeirra að fastráða Steinunni sem íþróttakennara við Húnavallaskóla.*
- b. *Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri greindi frá því að Sonja Suska, hefur sótt um ársleyfi frá kennslu við Húnavallaskóla.*
- c. *Sigríður greindi frá því að auglýst yrði eftir íþróttakennara og grunnskólakennara til afleysinga næsta vetur.*
- d. *Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri greindi frá starfsmannamálum á leikskólanum Vallabóli.*

- i. Auglýst verður eftir leikskólakennara við leikskólann Vallaból





4. Önnur mál:

a. Rætt var um skólaslit.

- i. Fundarmenn voru sammála um að ný afstaðin skólaslit hefðu verið afar velheppnuð.
- ii. Fundarmenn ræddu það hvort útskrift leikskólans Vallabóls ætti að vera með útskrift Húnavallaskóla.

1. Endurskoða þarf hvort ekki eigi að vera sérstök útskrift leikskólans.

b. Rætt var um að ekki hefur verið hægt að fara með leikskólabörn í sund nema af takmörkuðu leiti eftir áramót.

c. Næsti fundur Fræðslunefndar verður mánudaginn 31. júlí 2017.

- i. Verður fundurinn boðaður með dagskrá.

5. Vettvangsferð í leikskólann.

a. Nefndarmenn fóru vettvangsferð á leikskólann Vallaból.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 17:30


Brynjólfur Friðriksson

ERLA GUNNARSDÓTTIR
Erla Gunnarsdóttir

Ingibjörg Jónsdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir

Þórunn Ragnarsdóttir
Þórunn Ragnarsdóttir

Kristín Rós Sigurðardóttir
Kristín Rós Sigurðardóttir

Sigríður Aadnegard
Sigríður Aadnegard

Ingvar Björnsson
Ingvar Björnsson

Einar Kristján Jónsson
Einar Kristján Jónsson